



## UNGMENNASAMBAND BORGARFJARÐAR

### STOFNAÐ 26 APRÍL 1912

### Fundagerð

Fundurinn haldinn í hjálmakletti 19. júní 2019 klukkan 20:00

1. Sambandsstjóri Bragi Þór setti fundinn og fór yfir fyrirkomulag fundar.
2. Fundarmenn kynntu sig og fóru stuttlega yfir sín störf.
3. Sigurður Guðmundsson framkvæmdastjóri UMSB fór yfir helstu verkefni UMSB og hvaða verkefni UMSB er að vinna fyrir Borgarbyggð. Mikilvægt er að aðildafélög nýti sér þjónustu UMSB og fái þar ráð og aðstoð.
4. Farið var í hópavinu þar sem formenn listuðu niður tækifæri og ógnanir inna hreyfingarinnar.

#### **Spurningar sem hóparnir fengur voru:**

Hvað vandamál eru það sem félög/deildir standa frami fyrir?

Hvernig geta félög/deildir unnið betur saman?

Hvers vegna þarf að hækka styrki til félaga/deilda?

Hvernig er best að vinna með sameiginlega þjálfara milli félaga/deilda?

Er grundvöllur fyrir því að sameina félög/deildir?

Hvernig er hægt að nýta UMSB meira?

Góð umræða var í hópunum. Niðurstaða hópanna verður kynnt á formannafundi UMSB í haust.

Í lok fundar skapaðist umræða varðandi uppbyggingu á íþróttamannvirki í Borgarnesi. Eftirfarandi bókun var samþykkt og verður send á Borgarbyggð.

Þann 19. júní sl. var haldin formannafundur UMSB í Hjálmakletti. Þar var eftirfarandi ályktun samþykkt meðal fundarmanna.

**Borgarbyggð hefur sett á laggirnar starfshóp um framtíðaruppbyggingu íþróttamiðstöðvar í Borgarnesi. Fundurinn óskar eftir því að UMSB hafi fulltrúa í þessum hóp, enda er samstarfssamningur í gildi milli Borgarbyggðar og UMSB um íþrótt og æskulýðsstarf í héraðinu.**

Þessari ályktun er hér með komið á framfæri.